

(B. VI, 1).

Nd.

29. Frumvarp

Þil laga um sameining prófessorsembættis í guðfræði við Háskóla Íslands við biskupsembættið.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Annað prófessorsembættið í guðfræði við Háskóla Íslands skal sameinast biskupsembættinu. Biskup skal njóta sömu rjettinda sem prófessorar við Háskólann.

2. gr.

Losni biskupsembættið fyr en prófessorsembætti í guðfræði við Háskóla Íslands, skal biskupsembættið veitt með því skilyrði, að biskup taki að sjer það embætti, þá er það losnar, án frekari embættislauna en biskupsembættinu fylgja.

3. gr.

Losni prófessorsembætti i guðfræði við Háskóla Íslands á undan biskupsembættinu, skal stjórnarráðið fara þess á leit við biskup, að hann taki við því embætti samhliða biskupsembættinu og semur við hann um það. Geti samningar ekki tekist, skal setja mann í embættið eða ráðstafa því á þann hátt, sem hentugast þykir, uns biskupsembættið verður veitt.

Greinargerð.

Hin mikla þörf að spara starfsmanna- og embættismannahald ríkisins er aðalástæðan fyrir frv. þessu.

Þá er frv. kæmi til framkvæmdar, myndu sparast ein laun prófessors við Háskóla Íslands.

Önnur ástæða fyrir framkomu frv. er sú, að það virðist mjög eðlilegt og ætti að geta orðið mjög affarasælt, að sem nánast samband og kynning sje milli biskups og hinna væntanlegu presta. Hefir þetta atriði verið rækilega rökstutt fyrir á Alþingi, við flutning frv., er fór í sömu átt. (Sbr. Alþt. 1903, C. 326)

Þótt nú sje komið í lög, að biskup skuli kosinn af prestum og kennurum við guðfræðideildina, ætti jöfn trygging að vera fyrir því sem áður, að í biskupsembættið verði skipaður einhver helst mætismaður landsins úr hópi guðfræðinga. Ætti að mega vænta hins besta um starf þess manns við fræðslu prestaefnanna.

Undanfarið munu prófessorarnir í guðfræði við Háskólann hafa kent að jafnaði eina kenslustund á dag þá mánuði ársins, sem kensla fer fram. Þar sem biskupsembættið hins vegar getur ekki talist mjög umsvifamikið embætti, eins og það nú er orðið, mun það alls ekki geta talist ofætlun einum manni að gegna því samhliða kenslu við Háskólann, eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu. Enda mætti hafa því svo, að biskup hefði að einhverju leyti minni kenslu en aðrir kennarar guðfræðideildarinnar.

Að engu leyti færi þessi skipun í bága við vísitásiuferðir biskups um landið. Þær hafa jafnan undanfarið verið framkvæmdar að sumrinu.